



## Fréttabréf SAMFOK Október 2017

### SAMFOK og Móðurmál kynna málþing um skólamál



Alls verða haldin [10 málþing](#) á helstu tungumálunum. Erindin verða á íslensku og túlkuð. Fjallað verður um það sem einkennir skóla- og frístundastarf á Íslandi, samstarf foreldra og skóla um námið og barnahópin, móðurmál barna og virkt fjöltyngi. Tvö málþing verða haldin fyrir áramót. Á [spænsku](#) 4. nóv. í Hólabrekkuskóla og á [pólsku](#) 18. nóv. í Fellaskóla. Allar nánari upplýsingar er að finna á [samfok.is](#) og á [Facebook-síðu SAMFOK](#).


### Upplýsingar um skólaráð

Við vekjum athygli á því að út er komin handbók um skólaráð sem finna má á vef Reykjavíkurborgar: [Handbók um skólaráð](#).

Hér má svo má nálgast einblöðung Umbodsmanns barna um skólaráð sem gott er að deila til krakkanna sem þar sitja: [Skólaráð](#).

### Myndbönd um foreldra- og nemendafélög

SAMFOK í samstarfi við ýmsa aðila hefur látið gera myndbönd sem fjalla um [nemendafélög](#), [skólaráð](#) (með [enskum](#) texta) og [foreldrafélög](#) (með [íslenskum](#) og [spænskum](#) texta). Við hvetjum ykkur til að kynna ykkur [myndböndin](#) og dreifa þeim til þeirra sem gætu haft gagn af.



---

### Á dagskrá næstu vikur

Það er nóg að gera hjá okkur í námskeiðahaldi og höfum við farið í marga skóla nú í haust með bekkjarfulltrúanámskeiðið okkar. Ef þú vilt fá námskeið í þinn skóla endilega hafðu samband á [sanfok@samfok.is](mailto:sanfok@samfok.is).

Við erum líka með námskeið og fundi hjá okkur á Háaleitisbraut 13. Skráningarupplýsingar verða sendar til stjórna foreldrafélaganna.

**2. nóvember:** [Námskeið fyrir skólaráðfulltrúa](#)

**16. nóvember:** [Fulltrúaráðsfundur SAMFOK](#)

**21. nóvember:** [Námskeið fyrir stjórnir foreldrafélaga](#)

**28. nóvember:** [Námskeið fyrir bekkjarfulltrúa](#)